

Samruni Ísafold Capital Partners hf., IC 1 ehf. og Steinsteypunnar ehf.

1. Þann 23. maí 2024 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup Ísafold Capital Partners hf. (hér eftir „Ísafold Capital Partners“) og IC 1 ehf. (hér eftir „IC 1“) á öllum rekstri Steinsteypunnar ehf. (hér eftir „Steinsteypa“). Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við 5. og 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 1390/2020. Með bréfi dags. 6. júní 2024 upplýsti Samkeppniseftirlitið að nefnd samrunatilkynning teldist fullnægjandi. Með hliðsjón af 2. mgr. 8. gr. reglna Samkeppniseftirlitsins um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum nr. 1390/2020 byrjuðu frestir til að rannsaka samrunann að líða 23. maí 2024. Við athugun á samrunanum leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, fyrirliggjandi gagna og fyrri ákvarðana eftirlitsins.
2. Samrunaaðilar óskuðu eftir undanþágu frá banni við að framkvæma samrunann á grundvelli 4. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og veitti Samkeppniseftirlitið undanþáguna með skilyrðum þann 31. maí 2024.
3. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Með fyrrnefndum kaupunum eignast IC 1 allan rekstur Steinsteypunnar. Samkeppniseftirlitið telur í þessum kaupum felist samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.
4. Í samrunaskrá kemur fram að IC 1 sé eignarhaldsfélag í fullri eigu MF3 hs. (hér eftir „MF3“) sem er hlutdeildarsjóður í rekstri Ísafold Capital Partners. Ísafold Capital Partners sé sjálfstætt sjóðstýringarfyrirtæki og skráður rekstraraðila sérhæfðra sjóða samkvæmt lögum nr. 45/2020, sem sérhæfi sig í rekstri sjóða með áherslu á fjárfestingar í lánnum og lánatengdum afurðum. Í samrunaskrá kemur einnig fram að skráður tilgangur Steinsteypunnar sé m.a. rekstur steypustöðvar, framleiðsla og sala á steinsteypu og tengdum vörum og rekstur bifreiða sem tilheyra starfsemi félagsins.
5. Þar sem ekki er skörun í starfsemi samrunaaðila eða félaga í samstæðu þeirra, né er kaupandi að taka yfir starfsemi fyrirtækis sem framleiðir og/eða selur aðföng fyrir starfsemi hins, er hvorki um láréttan né lóðréttan samruna að ræða. Ljóst er því að fjárfesting og kaup IC 1 á Steinsteypunni telst til samsteypusamruna í samkeppnisréttarlegum skilningi.
6. Við mat á samruna samkvæmt samkeppnislögum verður að byrja á því að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga.¹ Að mati samrunaaðila starfar Steinsteypa á markaði fyrir sölu á steypu líkt og hann var skilgreindur í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 9/2012, *Yfirtaka*

¹ Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markaði frá tveimur sjónarhornum, annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðinn og hins vegar landfræðilega markaðinn.



BMV holding ehf. á BM Vallá ehf. Starfsemi félagsins fari alfarið fram á höfuðborgarsvæðinu og suðvesturhorni landsins og telja samrunaaðilar landfræðilegur markaður málsins takmarkast við tiltekin landssvæði, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 22/2018, Kaup L1041 EHF. Á 40% eignarhlut í ST eignarhaldsfélagi ehf.

7. Að mati Samkeppniseftirlitsins hefur ekkert komið fram við rannsókn málsins sem gefur tilefni til að skilgreina markaði málsins með öðrum hætti en samrunaaðilar hafa talið og gert hefur verið í fyrri ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins, þótt ekki þurfi að taka endanlega afstöðu til markaðsskilgreininga í þessu máli hvorki er varðar vörumarkað málsins né landfræðilega markaði í ljósi takmarkaðra áhrifa samrunans.
8. Í samrunaskrá kemur fram að með vísan til takmarkaðrar markaðshlutdeildar samrunaaðila, telji þeir áhrif samrunans takmörkuð ef nokkur á markaði málsins. Að sama skapi sé ljóst að samruninn komi ekki til með að skapa eða styrkja markaðsráðandi stöðu.
9. Samkeppniseftirlitið telur ljóst að um sé að ræða svokallaðan samsteypusamruna þar sem samrunaaðilar starfa ekki á sama markaði. Samkeppnisleg áhrif skapast því ekki vegna aukinnar samþjöppunar eða láréttra áhrifa. Þá er ekkert í fyrirliggjandi gögnum sem bendir til þess að skaðleg lóðrétt áhrif eða samsteypuáhrif leiði af samrunanum.
10. Að öllu framangreindu virtu er það því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að engar vísbendingar séu um að samruninn komi til með að hindra virka samkeppni. Af þeim sökum er það niðurstaða eftirlitsins að ekki sé ástæða til frekari rannsóknar né sé nauðsynlegt að aðhafast vegna þessa samruna. Lýkur málinu því á fyrsta fasa samrunarannsóknar.

Ákvörðunarorð:

„Kaup Ísafold Capital Partners hf. og IC 1 ehf. á öllum rekstri Steinsteypunnar ehf. felur í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson